

AUGLÝSING

um álagningu opinberra gjalda á árinu 2026.

1. gr.

Ríkisskattstjóri skal eigi síðar en 29. maí 2026 hafa lokið álagningu opinberra gjalda á einstaklinga. Álagningu lögaðila með sjálfstæða skattaðild skal vera lokið eigi síðar en 30. október 2026. Álagningu á lögaðila sem fengið hafa heimild til að hafa annað reikningsár til skattskila en almanaksárið skal lokið eigi síðar en sex mánuðum eftir að því reikningsári lýkur.

2. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er með heimild í 1. mgr. 93. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003, öðlast þegar gildi.

Fjármála- og efnahagsráðuneytinu, 14. janúar 2026.

F. h. r.

Helga Jónsdóttir.

Ingibjörg Helga Helgadóttir.

B deild - Útgáfudagur: 28. janúar 2026